

Hrunamannahreppur
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 21. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0032
LA

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingar fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 8. febrúar 2024, þar sem Hrunamannahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem nær yfir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði.

Á 4 ha svæði við Brúarhlöð er fyrirhugað að reisa 500 m² þjónustuhús á einni hæð, bílastæði verður stækkað og göngustígar lagðir að bökkum Hvítár. Þá verður staðsett nýtt vatnsból fyrir þjónustusvæðið í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn á fyrri stigum skipulagsins. Þar var m.a. bent á að hófleg uppbygging og stýring umferðar eftir göngustígum geti haft jákvæð áhrif innan náttúruminjasvæðisins. Brúarhlöð er tiltölulega lítið svæði sem þolir illa mikinn ágang og því er mikilvægt að stýra umferð og tryggja eftirlit t.d. með landsvörslu.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að dregið hefur verið úr upphaflegum áformum um verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð og eins að í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 kemur fram að stuðlað verði að frekari verndun náttúruminja í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Ekki er til deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið en í þeirri vinnu er mikilvægt að áhersla verði lögð á að vernda ásýnd og náttúruminjar við Brúarhlöð til að koma í veg fyrir að verndargildi svæðisins rýrni við uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

